



Nefndarsvið Alþingis  
Steindór Dan Jensen

Reykjavík, 11.04.2017

**Efni: Umsögn Samgöngustofu um frumvarp til breytinga á ýmsum lögum á sviði samgangna, (innleiðing alþjóðlegra skuldbindinga), 146. löggjafarþing 2016-2017. Þingskjal 326-234. mál.**

Samgöngustofa vill með umsögn þessari koma á framfæri afstöðu sinni til 3. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að aðili, með samþykki vegna flugverndar, skuli tilnefna flugverndarstjóra, sem samþykktur sé af Samgöngustofu. Flugverndarstjóri skuli leiðbeina, innleiða og framfylgja flugverndaráætlun aðilans og að hann starfi sem sérstakur trúnaðarmaður Samgöngustofu um flugverndarmál.

Samgöngustofa tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í framlagðri greinargerð með frumvarpinu að með umræddri breytingu á starfsheiti þess einstaklings sem tilnefndur er til að bera ábyrgð á því að innleiða og framfylgja flugverndaráætlun eftirlitsskylds aðila, yrði hugtakanotkun í samræmi við erlendan rétt, en starfsheitið er að ensku „security manager“. Samgöngustofa bendir á að fjöldamörg dæmi eru um í íslensku atvinnulífi að þeir sem fari með stjórnun tiltekins málaflokks eða „management“ séu titlaðir „–stjórar“ svo sem í tilviki samskiptastjóra, mannauðsstjóra, tæknistjóra o.s.frv.

Að endingu bendir Samgöngustofa á að hlutverk flugverndarstjóra breytist ekki þrátt fyrir að starfsheiti hans á íslensku sé breytt. Þannig getur íslensk þýðing á „security manager“ í Evrópureglum um flugvernd aldrei breytt gildandi reglum og þeirri ábyrgð sem hvílir á viðkomandi aðila.

Að því er varðar síðasta málslið greinarinnar um að flugverndarstjóri skuli starfa sem sérstakur trúnaðarmaður Samgöngustofu um flugverndarmál leggur Samgöngustofa áherslu á að ekki er verið að breyta gildandi framkvæmd. Kveðið er á um trúnaðarskylduna í gildandi reglugerð um flugvernd og sambærilegt ákvæði var að finna í eldri reglugerð. Er því verið að lögfesta gildandi framkvæmd. Um rök fyrir fyrirkomulaginu bendir Samgöngustofa á að flugverndarstjóri er ábyrgðarmaður flugverndarráðstafana hjá rekstraraðila. Telja verður eðlilegt að trúnaður ríki milli flugverndarstjóra og eftirlitsaðila á þann hátt að verði flugverndarstjóri var við eitthvað sem betur má fara og/eða telur sig ekki geta framfylgt gildandi reglugerðum flugverndar hverju sinni af einhverjum ástæðum að hann geti leitað til eftirlitsaðila með áhyggjur sínar. Þessi tilhögun er til staðar milli ábyrgðarmanna og eftirlitsskyldra aðila í öðrum málaflokkum sem snúa að flugtengdri starfsemi og hefur gefist vel, sbr. ákvæði 28. gr. og 83. gr. loftferðalaga nr. 60/1998.

Þá bendir Samgöngustofa á að stofnuninni er ekki kunnugt um að fyrirkomulagið hafi leitt til vandkvæða og sér ekki ástæður fyrir því að vikið sé frá áralangri framkvæmd.

Að endingu bendir Samgöngustofa á að stofnuninni ber á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 300/2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2320/2002 að hafa eftirlit með flugvernd á Íslandi í því skyni að fylgjast með að farið sé að gildandi flugverndarreglum. Að mati Samgöngustofu gegnir það fyrirkomulag sem að framan er lýst um að flugverndarstjóri sé trúnaðarmaður Samgöngustofu veigamiklu hlutverki í þessu skyni.



Guðjón Atlason  
Frankvæmdastjóri mannvirkja- og leiðsögunsviðs

Virðingarfyllst,

Sigrún Henríetta Kristjánsdóttir  
lögfræðingur